# FERSKÍ
## auglýsingablað
ÚTGEFANDI: FERÐASJÓÐUR SKÍÐAMANNA


## Utanferð veturinn 1972-1973

**Í NÓVEMBER** síðastliðinn, þegar við höfðum fengið alla nauðsynlega fyrirgreiðslu hér heima, var endanlega ákveðið að við færum til Svíþjóðar til æfinga með sænska unglingalandsliðinu á skíðum fram til áramóta.

Við vorum fjórir, Arnór Magnússon, Gunnar Jónsson, Valur Jónatansson og undirritaður. Var svo lagt af stað föstudaginn 8. des. Rétt er að geta þess, að daginn fyrir brottför, var fjórum Akureyringum bætt í hópinn. Flogið var með þotu frá Keflavík og til Oslo. Eftir að hafa setið átta klukkutíma í lest til Þrándheims, og þaðan í fjóra tíma í rútu og lest til Åre, skreiddumst við inn á Grand Hótel, og tilkynntum komu okkar. Åre er 2240 manna bær rétt austan við landamæri Noregs og Svíþjóðar, austur af Þrándheimi. Bærinn samanstendur af nokkrum hótelum, verzlunum, skóla og kirkju. Bæjarbúar lifa að mestu leyti á ferðamannaþjónustu. Fjöldi manna vinnur á hótelunum og í sambandi við skíðalyftur.

Við urðum sáralítið varir við jólaundirbúning eða umstang svipað og hér á sér stað. Þeir héldu engar brennur eða þvíumlíkt. Fóru til kirkju kl. 6 á jóladagsmorgun, sitjandi í hestasleða með blys í hönd. Eftir messu fóru þeir á skíði.

Við dvöldumst þarna allan desember og viku af janúar. Það dreif ýmislegt á daga okkar þennan tíma. M. a. slasaðist Valur er hann keyrði á tré og þurfti að liggja á sjúkrahúsi og síðan að fara heim. Setti þetta sinn skugga á dvölina. Um áramótin fóru Akureyringarnir heim, og vorum við þá aðeins þrír eftir. Æfðum við í viku í viðbót, en vegna mikilla rigninga vildum við komast sem fyrst suður í Evrópu.

Fimmtudaginn 11. janúar tókum við næturlest til Stokkhólms á leið okkar til Austurríkis. Við vorum tólf tíma á leiðinni og þótti okkur nóg um. Í Stokkhólmi biðum við í heilan sólarhring á götunum, því við tímdum ekki að kaupa okkur gistingu, enda var farið að lækka ískyggilega í buddunni. Þessa nótt sáum við margt minnisstætt. Löggan var sífellt á þeytingi með hunda og dópista. En kl. 6 um morguninn fórum við í rútu til Arlanda-flugvallar, og þaðan með Caravellþotu frá Sterling-flugfélaginu til Munchen í Þýzkalandi. Flugið tók um 3

Framhald á 4. síðu

## Punktamótin

**PUNKTAMÓTIN** eru ætluð til þess í fyrsta lagi að auðvelda niðurröðun í ráshópa, en ráshópar eru til þess gerðir, að jafnir menn fái sem jafnasta aðstöðu. Þeir skíðamenn sem hafa lægsta punkta, fá rásnúmer 1—10 á punktamótunum og er dregið sér um þau númer, því næst koma númer 11-20 o.s.frv.

Til punktaniðurröðunar eru reiknuð 2 beztu mót hvers manns í hvorri grein, þ.e. 2 beztu í svigi og 2 beztu í stórsvigi þannig að sami maður getur verið í 1. ráshóp í svigi en 2. ráshóp í stórsvigi eða öfugt.

Íslandsbikarinn er einnig reiknaður út úr punktamótunum eins og annars staðar er getið.

Í febrúar 1971 var sett

Framhald á 4. síðu

## Íslandsbikarinn

**BIKARKEPPNI** Skíðasambands Íslands var í fyrsta sinn haldin árið 1972. Keppnin fer þannig fram að úr punktamótunum eru reiknuð stig. Sigurvegari í punktamóti hlýtur 0 stig en tölur næstu manna ráðast af tímamismun frá fyrsta manni, þannig að bezt er að hafa sem lægsta tölu. Í

Í hverju punktamóti eru tvær keppnir , þ.e. stórsvig og svig. Í ár eru punktamótin 6 þannig að keppnirnar eru 12. 6 beztu keppnir hvers manns eru lagðar saman og kemur þá út rétt tala.

Nú eftir Íslandsmótið eru búnar 10 keppnir, en Ísfirðingarnir hafa aðeins keppt í 8 keppnum vegna þess að þeir komust ekki á punktamótið á Akureyri vegna veðurs.

Nú eru aðeins eftir tvær keppnir, þ.e. Skarðsmótið um hvítasunnuna, en þar er bikarinn afhentur.

# FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Þér ákveðið landið eða borgina og
FLUGFÉLAGIÐ kemur yður áleiðis.

Upplýsingar veittar hjá umboðum
FLUGFÉLAGSINS.

LEIKHÚSFERÐ til Reykjavíkur:
Sérstök leikhúsfargjöld fyrir 10 manna hópa
eða stærri.
Hótel- og miðapantanir.

*Flugfélag Íslands*
*Afgreiðslan Ísafirði*

TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
ARNÓRS STÍGSSONAR
HLÍÐARVEGI 32

Vinn alla algenga trésmíðavinnu.
Innréttingar og viðgerðir.

GAMLA BAKARÍIÐ

Pantið rjómatertur, kransakökur, bútter-
deigsbotna og tartalettur í tíma.

GAMLA BAKARÍIÐ
Ísafirði — Sími 3226.

**BÍLABORG HF.**

Hafið þið kynnt ykkur hina vinsælu
M A Z D A -bíla.

Upplýsingar í símum 91-22680
94-3406

Skíðagrindur, 3 gerðir
Ferðagrindur
Hæðarmælar
Hraðamælar
Ýmsar aðrar gerðir að mælum
Gúmmímottur ýmsar gerðir
Bílavarahlutir í miklu úrvali.

RAF HF. — ÍSAFIRÐI
Sími 3279.

# Bílaverkstæði Ísafjarðar

Önnumst allar almennar
bílaviðgerðir
einnig réttingar og sprautun.

Höfum söluumboð fyrir nýja bíla.

## Varahlutasala

Bíleigendur verið tímanlega
í því að láta athuga fyrir skoðun.

**Síminn er 3379**

ORÐENDING FRÁ
**VERZL. ÍSÓL HF. — ÍSAFIRÐI**

Full búð af nýjum vörum!
Gjörið svo vel og lítið inn.

## Verzlunin Ísól hf.

ÍSAFIRÐI — SÍMI 3054

Það þarf enginn
að rolast í rökkrinu
með rafmagni frá
Rafveitunni.

**RAFVEITA ÍSAFJARÐAR**

AUGLÝSINGABLAÐ
FERSKÍ
Útgefandi:
Ferðasjóður skíðamanna
Ritstjóri:
Einar Hreinsson.

# LEIÐARI

BLAÐ þetta er gefið út í kynningar- og fjáröflunarskyni fyrir Ferðasjóð Skíðamanna.

Ísfirzkir skíðamenn sækja sex punktamót á keppnistímabilinu sem nær frá því í enduðum janúar að hvítasunnu.

Peningunum er varið til þess að draga úr ferðakostnaði keppenda á mótin, þar sem keppendur standa undir kostnaði að öðru leyti.

Sjaldan hafa jafnmargir ísfirzkir skíðamenn stundað æfingar og keppnir erlendis, enda eru nú gerðar það miklar kröfur til fyrstugrúppumanna að ef einhver árangur á að nást, í keppnum vetrarins. En helztu hlunnindi við þjálfun erlendis má nefna fyrst og fremst veðurfar, skíðafæri, meiri tækniþjálfun og harðari keppnir.

# Utanferð....

Framhald af 1. síðu

tíma. Frá Munchen til St. Anton í Austurríki fórum við með langferðabíl. Þarna var glaða sólskin og mikil viðbrigði að koma úr suddanum norður í Skandinavíu.

St. Anton er 1700 manna bær og er táknrænn fyrir austurríska ferðamannastaði. Sagt er að þegar mest sé, þá séu um 7000 ferðamenn í bænum. Í hverju húsi að heita mátti voru leigð herbergi og seldur morgunmatur. Einnig voru fjölmörg hótel af öllum gerðum. Verzlanir eru og margar, því þarna er aðalatriðið að plokka túristann eins og mögulegt er. Fyrstu vikuna borðuðum við með hóp af Svíum á fínasta matstað bæjarins. Við gáfum lítið fyrir matarræðið þar, því súpan var fram borin í pínulitlum bollum, á eftir kom smá kjötsneið og eitthvað af grænmeti.

Við æfðum þarna til 29. jan. en þá var buddan tóm og skólinn beið. Svo var lagt af stað heim, eftir að hafa lifað á þrumara og djús í tíu daga. Við fórum með næturlest frá St. Anton til Basel í Sviss. Þar skiptum við um lest og förum í gegnum Frakkland og til Luxemburg. Þaðan flugum við svo 30. janúar til Keflavíkur. Þegar við lítum til baka, fannst okkur bezt að koma heim aftur og fá almennilega í svanginn, og svo líka að koma hingað í fámennið. Við vorum orðnir dauðþreyttir á troðfullum járnbrautarstöðvum og flughöfnum.

EINAR HREINSSON.

## Punktamótin

Framhald af 1. síðu

reglugerð um stigareikning og ráshópaskiptingu í göngu.

Keppendum í 15 km skíðagöngu skulu gefin stig fyrir árangur á Skíðamóti Íslands og fjórum öðrum mótum, sem haldin skulu árlega í helztu skíðahéruðum landsins. Slík mót skulu vera opin keppendum frá öllum aðilum sem aðild eiga að SKÍ.

Við útdrátt skiptast keppendur í þrjá ráshópa, sem skulu vera sem líkastir að stærð. Í fyrst ráshóp verða þeir sem fæst stig hafa, en í þriðja ráshóp þeir, sem flest stig hafa.

Nýkomið:

ELDAVÉLAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR
ÍSSKÁPAR

VERZLUN
KJARTAN R. GUÐMUNDSSON
SÍMI 3507 — ÍSAFIRÐI

Eruð þér í ferðahug?

Gleymið ekki ferðatryggingunni.
Iðgjald hennar er ótrúlega lágt.
Miðað við 100.000,oo kr. tryggingu
í hálfan mánuð er iðgjaldið með
söluskatti aðeins kr. 56.oo.

SAMVINNUTRYGGINGAR
SILFURTORGI 1 — SÍMI 3555.

koma
. Við
reyttir
autar-
um.
SSON.

kning
u í

km
n stig
amóti
ðrum
skulu
ahér-
mót
pend-
sem

kepp
sem
ir að
shóp
stig
shóp
hafa.

ÁVALLT
MIKIÐ
ÚRVAL
AF GÓÐUM
FISKI



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ
NORÐURTANGI HF

FISKBÚÐ – SÍMI 3497

# TILKYNNING

Slökkviliðsstjóri Ísafjarðarkaupstaðar vekur athygli á eftirfarandi ákvæðum reglugerðar um brunamál frá 10. október 1949.

„24. gr. — Sérhver húseigandi, sem kemur fyrir olíukynditækjum í húsi sínu, í sambandi við reykháf hvort heldur um er að ræða nýja kyndistöð, eða eldri kyndistöð, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal tilkynna kyndibúnað þennan til slökkviliðsstjóra, en í sveitum til oddvita eða skipaðs eftirlitmanns, sem síðan lætur framkvæma skoðun og gefur út vottorð um ástand kyndibúnaðarins. Óheimilt er að taka kynditækin í notkun, fyrr en vottorð liggur fyrir um, að fulltrúi brunavarnaeftirlitsins hafi samþykkt búnað allan og leyft, að þau verði tekin í notkun.

Þau tæki, sem hafa verið sett upp, áður en relgugerð þessi öðlast gildi, skulu tafaralaust tilkynnt, svo þau hljóti viðurkenningu á sama hátt og ný tæki.

Óheimilt er að gera breytingar á kynditækjum, er sett hafa verið upp, nema með leyfi skouðnarmanns."

Ísafirði, 2. maí 1973.
SLÖKKVILIÐSSTJÓRINN ÍSAFIRÐI.

Netagerð Vestfjarða H/F

Fiskikörfur og plasthringir
fást hjá

**Netagerð Vestfjarða hf.**
SÍMI 3413

Neisti H/F ÍSAFIRÐI - SÍMI 3416

Gjafavörur við allra hæfi.
Rafmagnstæki — Ljósatæki
Búsáhöld — Glervörur
flest fæst í NEISTA.

Vöruflutningar Reykjavík—Vestfirðir
Munið hinar hagkvæmu ferðir
til og frá Reykjavík sex sinnum í viku.

**GUNNAR & EBENEZER HF.**
afgreiðslan — Ísafirði

PRENTUN
PAPPÍR
MYNDAMÓT

PRENTSTOFAN ÍSRÚN HF.
ÍSAFIRÐI — SÍMI 3223

LANDSBANKI ÍSLANDS
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

Höfum fyrirliggjandi
og útvegum beint frá
framleiðendum
allt til tog- línu- og
handfæraveiða.

**Sandfell hf.**
ÍSAFIRÐI — SÍMI 3500

**straumur HF**

Höfum flutt rafmagnsverkstæði okkar
og verzlun í Silfurgötu 5 Ísafirði.

Höfum til sölu m.a.:

CANDY-þvottavélar
CANDY-uppþvottavélar
CANDY-ísskápa 3 stærðir
I T T - frystikistur
ELECTROLUX-frystikistur
ELECTROLUX-ryksugur og
ELECTROLUX-hrærivélar

GÓÐIR GREIÐSLUSKILMÁLAR!

Önnumst ALLAR raflagnir og viðgerðir.
SÍMI: 3321

Fiskur er góð og
ljúffeng fæða

ÍSHÚSFÉLAG
ÍSFIRÐINGA HF.

GUNNVÖR HF.
ÚTGERÐARFÉLAG

Hjólið hf.

ÍSAFIRÐI — SÍMI 3367

Selur úrvalsfatnað.
Hljómplötur og bönd
Hljómtæki — plötuspilara
Margt fæst í

HJÓLINU

ÚTVEGSBANKI · ÍSLANDS ·

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

FLUGFÉLAGIÐ ERNIR HF.

Ísafirði - Símar: 94-3698
og 3898

Afgreiðsla, Ísafjarðarflugvelli

*Daglega ferðir*
*vestur um firði*

Holt — Þingeyri og Patreksfjörður
þriðjudaga og fimmtudaga.
Bíldudals ,mánudaga — miðvikudaga.

LEIGUFLUG
SJÚKRAFLUG
FRAGTFLUG
hvert sem er
hvenær sem er

Flugfélagið ERNIR

PÓLLINN HF

RAFÞJÓNUSTA 3092
RAFTÆKJASALA 3792

# Vanti yður raftæki þá lítið við í Pólnum!

Kæliskápar
Eldavélar
Rafm.pönnur
Brauðristar
Grillofnar
Vöfflujárn
Frystikistur
Hrærivélar
Þeytarar
Uppþvottavélar
Hraðsuðukatlar
Kaffikvarnir
Þvottavélar
Strauvélar
Straupressur
Strokjárn
Ryksugur
Úðarar

**BLACK & DECKER borvélar og fylgihlutir**

Sjónvarpstæki
Plötuspilarar
Magnarar
Segulbandstæki
Cassettutæki
Ferðaútvörp
Útvarpstæki
Ferðatæki m/cassettu
Bílaútvörp og loftnet
Stereo cassettur í bíla

**Hinar vinsælu CARMEN hárrúllur**

Úrval þekktra merkja: NORDMENDE - DUAL - PHILCO - SIEMENS - RADIONETTE - NILFISK - IGNIS - KENWOOD - UPO - Góðar vörur — Gott verð — Góð greiðslukjör.

**Fyrir sumarferðina:**

TJÖLD 2ja til 6 manna
SVEFNPOKAR ull og diolen
VINDSÆNGUR
NESTISTÖSKUR

**Væntanlegir eftir fáeina daga:**

fótboltaskórnir vinsælu
ADIDAS

**Bókaverzlun Jónasar Tómassonar**
Sími 3123 — Ísafirði

bjt